

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR FRAMHALDSSKÓLA OG HÁSKÓLA

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1 Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfið gildir fyrir framhaldsskóla og háskóla.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina. Starfsleyfi framhaldsskóla og háskóla tekur til húsnæðis og tilheyrandi lóðar.
- 1.3 Þess skal gætt við staðsetningu framhaldsskóla og háskóla að ekki verði um að ræða ónæði vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi.
- 1.4 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.5 Innra eftirlit skal vera í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.
- 1.6 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstrinum að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

2 Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel við haldið og aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 2.4 Hljómburður skal vera hæfilegur og hljóðeinangrun þannig að ekki verði truflun af ólíkri starfsemi innan skólans.
- 2.5 Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera ræstilaug og nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.6 Gólfplötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og 3,3 m² fyrir hreyfihamlaða og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu. Ruslafata með loki skal vera í hverjum salernisklefa. Einnota þurrkur og fljótandi handsápa skal vera við handlaugar á salernum. Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir konur og karla.
- 2.7 Sérstök aðstað skal vera fyrir nemendur til að matast.

- 2.8 Sé ípróttaaðstaða til staðar ber rekstraraðili ábyrgð á að tæki og búnaður til ípróttaiðkana sé samkvæmt viðurkenndum öryggiskröfum ÍST EN-staðla. Innra eftirlit skal að lágmarki felast í hreinlætisáætlun. Notendur skulu eiga greiðan aðgang að búningsherbergi með baði og salerni.
- 2.9 Sé aðstaða til verknáms til staðar, s.s. aðstaða til náms í snyrtigreinum, vélgreinum, tréiðnaði og efna- og eðlisfræði ber rekstraraðili ábyrgð á að tæki og búnaður sé samkvæmt viðurkenndum öryggiskröfum. Stærri verknámsaðstöður geta verið starfsleyfisskyldar, t.d. verknámsaðstaða til bifvélavirkjunar, og fer þá skv. ákvæðum reglugerða um vinnustaði m.a. tengt húsnæði, öryggis- og heilbrigðisráðstöfunum og hávaðavörnum.

3 Hávaði

- 3.1 Um hávaða gildir reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

4 Hreinlæti og þrif

- 4.1 Í framhaldsskólum og háskólum skal vera skrifleg hreinlætisáætlun og verklýsing á hverju vinnusvæði, þar sem fram kemur hversu oft á að þrifa og hvaða efni á að nota til þrifa.
- 4.2 Allsherjarhreingerning skal gerð á öllu húsnæðinu a.m.k. einu sinni á ári. Gólfefni og annar frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 4.3 Loftræstikerfi skal halda við og hreinsa reglulega. Skráningar skulu vera til staðar um viðhald og þjónustu við kerfið.
- 4.4 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum gæludýrum inn í húsnæðið.
- 4.5 Reykingar eru bannaðar í framhaldsskólum og háskólum, bæði í húsnæði og á lóð.

5 Matvæli

- 5.1 Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim

6 Öryggi og slysavarnir

- 6.1 Við eftirlit með öryggi og slysavörnum skal farið eftir viðeigandi stöðlum.
- 6.2 Starfsreglur, innréttingar og búnað skal miða við að auka öryggi og koma í veg fyrir slys.
- 6.3 Blöndunartæki við handlaugar skulu vera hitastýrð. Vatnshiti við töppunarstað skal ekki fara yfir 43°C í skólum.
- 6.4 Skólastjórnandi skal skrá slys og óhöpp sem verða í skólanum á þar til gerð eyðublöð.

6.5 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.

7 Umhverfismál

7.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið

7.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.

7.3 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.

7.4 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni breytt með reglugerð nr. 169/2002, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 19/1997 um sóttvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, reglugerð nr. 776/1998 um snyrtivörur, og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

8531030	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – bóknám
8532030	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám
8542040	Fræðslustarfsemi á háskólastigi

Reykjavík 1.10.2012

Kristín L. Árnadóttir